

3. gr.

Lyfjagerðum og -heildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

VI. flokkur:	VII. flokkur:	VIII. flokkur:
Delta hf.	Lyf hf.	Ásgeir Sigurðsson hf.
G. Ólafsson hf.	Medico hf.	Farmasía hf.
Lyfjaverslun ríkisins		Gróco hf.
Pharmaco hf.		H. Ólafsson & Bernhöft
Stefán Thorarensen hf.		
Tóro hf.		

4. gr.

Dýralæknar, sem annast lyfjasölu, sbr. 58. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982, lækna og sveitarfélög, sem annast lyfjasölu, sbr. 4. gr. reglugerðar um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa nr. 27/1983, skulu greiða eftirlitsgjald samkv. IX. flokki.

5. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús og aðrar stofnanir, sem hafa lyf undir höndum. Skulu þá deildarskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkv. II. flokki, en önnur sjúkrahús og stofnanir samkv. IX. flokki.

6. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjaldsins er 1. júlí 1988. Eindagi er 15. dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, ef eigi hefur verið greitt á eindaga. Gjaldið er löftakskræft.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 108, 14. nóvember 1984, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. maí 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsuppdrætti af bökkum Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi í Austur-Skaftafellssýslu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 8. maí 1989 staðfest skipulagsuppdrátt af bökkum Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Hreppsnefnd Borgarhafnarhrepps hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytið, 10. maí 1989.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.